

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur um tæknifrjóvgun og stuðning vegna ófrjósemi.

1. *Hversu margir einstaklingar gangast undir tæknifrjóvgun hérlendis árlega? Svar óskast sundurliðað eftir tæknisæðingu, glasafrjóvgun og uppsetningu á fósturvísni.*

Leitað var svara hjá Livio Reykjavík sem er eina fyrirtækið hérlendis sem sérhæfir sig í þessari þjónustu. Á árunum 2018–2022 gengust alls 2168 einstaklingar eða pör undir tæknifrjóvgun hjá Livio Reykjavík. Meðferðir sem um ræðir eru tæknisæðing, glasafrjóvgun og uppsetning á fósturvísni. Undanskilið frá þessum gögnum eru eggjagjafir og frysting eggja eða fósturvísna til frjósemisvarðveislu vegna illkynja sjúkdóms. Þess ber að geta að í sumum tilfellum gekkst sami einstaklingur (eða par) undir fleiri en eina meðferð, og/eða gekkst undir meðferðir yfir nokkur ár.

Fjöldi einstaklinga (eða para) sem gengust undir tæknifrjóvgun hjá Livio Reykjavík árin 2018–2022.

Ár	Fjöldi einstaklinga
2018	636
2019	635
2020	662
2021	748
2022	725

Eftirfarandi töflur sýna sundurliðun eftir tæknisæðingu, glasafrjóvgun og uppsetningu á fósturvísni. Uppsetning á fósturvísni á bæði við um uppsetningu á fósturvísni í kjölfar glasafrjóvgunarmeðferðar á sama ári og uppsetningu á frystum fósturvísni frá fyrrri meðferð.

Fjöldi einstaklinga (eða para) sem gengust undir tæknisæðingu hjá Livio Reykjavík árin 2018–2022.

Ár	Fjöldi tæknisæðinga	Fjöldi einstaklinga
2018	201	117
2019	197	116
2020	222	129
2021	234	134
2022	205	111

Fjöldi einstaklinga (eða para) sem gengust undir glasafjrjóvgun hjá Livio Reykjavík árin 2018–2022.

Ár	Fjöldi meðferða	Fjöldi einstaklinga
2018	510	425
2019	494	412
2020	494	396
2021	624	502
2022	604	478

Fjöldi einstaklinga (eða para) sem gengust undir uppsetningu á fósturvísni hjá Livio Reykjavík árin 2018–2022. Hér er átt við þeð uppsetningu á fósturvísni í kjölfar glasafjrjóvgunarmeðferðar á sama ári og uppsetningu á frystum fósturvísni frá fyrri meðferð.

Ár	Fjöldi uppsetninga	Fjöldi einstaklinga
2018	729	500
2019	768	492
2020	709	482
2021	822	563
2022	810	561

2. Hversu mörg börn fæðast hér á landi árlega með aðstoð tæknifjrjóvgunar innan lands?

Embætti landlæknis gefur út ársskýrslu fæðingarskráinnar í samstarfi við Landspítala. Síðasta skráin var birt fyrir árið 2020. Tæknifjrjóvganir hafa ekki verið tilkynningar skyldar til mæðraverndar eða fæðingaskrár. Góð samvinna við Livio hefur því verið forsenda skráningarinnar. Samkvæmt ársskýrslunni liggja ekki fyrir upplýsingar um fæðingar á Íslandi eftir tæknifjrjóvganir sem gerðar voru erlendis, en alls fæddust 267 börn í 262 fæðingum eftir tæknifjrjóvgun hjá Livio árið 2020.

Fjöldi fæðinga og fæddra barna eftir tæknifjrjóvgun árið 2020.

Tæknifjrjóvgun	Fjöldi fæðinga	Fjöldi barna
Einburafæðingar	257	257
Tvíburafæðingar	5	10
Fæðingar alls	262	267

3. Hversu oft á ári niðurgreiða Sjúkratryggingar Íslands tæknifjrjóvgunarmeðferðir sem eru framkvæmdar á EES-svæðinu? Hver var fjöldi þeirra einstaklinga sem nutu góðs af slíkum endurgreiðslum?

Ár	Fjöldi einstaklinga
2019	12
2020	7
2021	28
2022	62

4. *Hvaða fjárhagslegi stuðningur býðst einstaklingum og pörum sem glíma við ófrjósemi til að standa straum af þeim kostnaði sem af þessum meðferðum hlýst?*

Heilbrigðisráðuneytið býr ekki yfir upplýsingum um hvaða fjárhagslegi stuðningur býðst fyrir utan greiðsluþáttöku Sjúkratrygginga.